



Dalabyggð

**Greinargerð
með fjárhagsáætlun Dalabyggðar
2019-2022**

13. desember 2018
Kristján Sturluson, sveitarstjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Helstu niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun 2019	2
A- og B hluti sveitarsjóðs.....	3
00 Skatttekjur.....	3
02 Félagsþjónusta	3
04 Fræðslu- og uppeldismál	3
05 Menningarmál.....	3
06 Æskulýðs- og íþróttamál.....	3
07 Brunamál og almannavarnir.....	3
08 Hreinlætismál	4
09 Skipulags- og byggingarmál.....	4
10 Umferðar- og samgöngumál	4
11 Umhverfismál.....	4
13 Atvinnumál	4
21 Sameiginlegur kostnaður	4
22 Lífeyrisskuldbindingar	4
28 Fjármagnsliðir.....	4
31 Eignasjóður.....	4
43 Vatnsveita.....	4
53 Dvalar- og hjúkrunarheimilð Silfurtún.....	5
57 Leiguíbúðir.....	5
61 Fráveita.....	5
65 Dalaveitur ehf.....	5
Fjárfestingar	5
Skuldir og fjárhagstaða.....	5
Árin 2020-2022.....	5
Annað	6

Inngangur

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin 2019-2022 kom til fyrstu umræðu á fundi sveitarstjórnar 1. nóvember síðastliðinn. Eftir það fór hún til umfjöllunar í nefndum og byggðarráði og kom síðan til annarrar umræðu á fundi sveitarstjórnar 22. nóvember síðastliðinn. Alls fjallaði byggðarráð um áætlunina á fimm fundum milli umræðna og einum vinnufundi. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 á sveitarstjórn að fjalla um fjárhagsáætlun í 2 umræðum og skal sú fyrri fara fram eigi síðar en 1. nóvember og hin síðari ekki síðar en 15. desember.

Fyrsta útgáfa áætlunarinnar var unnin af deildarstjórum hinna ýmsu eininga og skrifstofu Dalabyggðar. Vil ég þakka öllum fyrir þá vinnu.

Launakostnaður er áætlaður út frá fjölda stöðugilda og launasetningu. Áætlanir um tekjur byggja á upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, áætlunum og viðmiðunum Sambands íslenskra sveitarfélaga, upplýsinga frá Þjóðskrá um fasteignamat og þjóðhagsspá. Á næsta ári eru kjarasamningar lausir og því er veruleg óvissa um þróun launakostnaðar á komandi ári.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu fjármál sveitarfélaga vera í samræmi við annars vegar svonefnda jafnvægisreglu (heildarútgjöld á þriggja ára tímabili mega ekki vera hærra en reglulegar tekjur á sama tímabili) og hins vegar skuldareglu (skuldaviðmið má ekki vera hærra en 150%). Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árin stenst þessar reglur.

Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall útsvars verði 14,52% sem er óbreytt frá yfirstandandi ári. Álagningarhlutfall fasteignaskatts, lóðarleigu, holræsagjalds og vatnsskatts er einnig óbreytt milli ára en fasteignamat hefur hækkað um 11%. Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Dalabyggðar lækka á milli ára.

Gjaldskrár hækka almennt um 4 eða 5%. Nokkrar gjaldskrár sem ekki hafa tekið breytingum í nokkur ár s.s. gjaldskrár fyrir hafnir annars vegar og félagsheimili hins vegar hækka meira.

Helstu niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun 2019

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 12 milljónir króna og rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 34,9 milljónir króna.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 1,3 milljarður króna í árslok 2019, skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 661,7 milljónir króna og eigið fé um 633 milljónir króna.
- Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er um 58 milljónir króna eða 7,1% og samantekið fyrir A- og B-hluta 55,5 milljónir króna, eða um 5,6% af heildartekjum.
- Áætlaðar fjárfestingar samtals að fjárhæð 57 milljónir króna. Um er að ræða framkvæmdir við grunn- og leikskóla, viðhalds fasteigna á Laugum, Vínlandssetur, fráveitu og Dalaveitur (lagning ljósleiðara) auk ýmissa minni verkefna vegna viðhalds eigna.

A- og B hluti sveitarsjóðs

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar fyrir árið 2019 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2020–2022 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa sveitarfélagsins sem er fjármögguð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu sveitarfélagsins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru: Dvalarheimilið Silfurtún, Fasteignafélagið hvammur ehf., Félagslegar íbúðir, Fráveita, Dalagisting ehf., Dalaveitur ehf. og Vatnsveita. Í umfjöllun hér á eftir er áætlun 2019 borin saman við útkomuspá 2018.

00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að skatttekjur verði 379,8 milljónir kr á árinu 2019. Skv. áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lækka framlög til Dalabyggðar milli ára og verða 295 milljónir króna. Fasteignaskattur hækkar vegna hækkaðs fasteignamats.

02 Félagsþjónusta

Félagsþjónusta hækkar um rúmar 1,2 millj. kr. frá yfirstandandi ári eða um 4,4%. Óvissa er um kostnað vegna félagsþjónustu á árinu vegna breyttra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og breytinga sem eru að verða í þjónustu við fatlaða í tengslum við það.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Hækkar um 13,6 millj. kr. milli ára eða um 3,9%. Hækkunin er að mestu vegna aukins launa- og húsnæðiskostnaðar. Fræðslumál taka til sín um 53% skatttekna sveitarfélagsins eða 38% heildartekna.

05 Menningarmál

Gert er ráð fyrir um 4,8 millj. kr. hækkun milli ára eða um 7,3%. Skýringar eru hækkun innri leigu vegna endurbóta á húsnæði og launakostnaði sem er vegna nefndar og breytingu á starfshlutfalli í Dalabúð og Byggðasafni.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Gert er ráð fyrir 2 millj. kr hækkun eða 3,8%. Teknir verða upp frístundastyrkir fyrir 18 ára og yngri. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri íþróttamannvirkjana á Laugum til 1. september en eftir það er gert ráð fyrir að reksturinn verði í lágmarki.

07 Brunamál og almannavarnir

Áætlunin gerir ráð fyrir óbreyttri starfsemi á árinu. Hins vegar er nú unnið að því í samstarfi við Árneshrepp, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð um stofnun byggðasamlags um slökkvilið og mun þurfa að endurskoða fjárhagsáætlun þegar framtíðarfyrirkomulag liggur fyrir. Sömuleiðis tók 2018 gildi ný reglugerð um starfsemi slökkviliða og er eftir að færa starfsemi slökkviliðsins að henni. Í áætluninni er gert ráð fyrir 1,4 millj. kr. hækkun eða 1,7%.

08 Hreinlætismál

Áætluð hækkun er 3,8 millj. kr. eða 19,3%. Á árinu 2018 var tekin upp hirðing og förgun dýrahraeja frá lögbýlum. Árið 2019 verður fyrsta heila árið sem sú starfsemi verður í gangi í heilt ár.

09 Skipulags- og byggingarmál

Gert er ráð hækkun vegna breytinga á embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Gert er ráð fyrir að samstarf sem verið hefur við Árnes-, Kaldrananes- og Reykhólahreppa verði útvíkkað og Strandabyggð komi inn í það. Með því mun bætast við eitt stöðugildi en kostnaður af því mun skiptast milli sveitarfélaganna. Áætlun hækkar um 8,9 millj. kr. eða 51,6%. Þess ber hins vegar að geta að á árinu 2018 kom inn óregluleg tekjufærsla á þennan lið að upphæð 7,8 millj.kr. Að teknu tilliti til þess er hækkun milli ára um 1,1 millj.kr. eða 6,5%.

10 Umferðar- og samgöngumál

Gert er ráð fyrir lækkun um 3,7 millj.kr. eða 23,3%. Ekki er áætlað vegna styrkvega heldur verður það tekið upp þegar upphæð á styrkjum liggur fyrir. Áætlun vegna viðhalds gatna og snjómoksturs er miðuð við áætlun 2018.

11 Umhverfismál

Áætluð er lækkun um 2,6 millj.kr eða 16,2%. Er það vegna lækkunar á framlagi til sjálfbóðaverkefna (verkefni í Búðardal og móttaka sjálfbóðaliða). Þá var kostnaður vegna strandstígs á árinu 2018.

13 Atvinnumál

Lækkar um 3,3 millj.kr. eða 11%. Kostnaður við upplýsingamiðstöð og kynningarmál lækkar. Ennfremur er gert ráð fyrir að segja upp samningi vegna tæknibúnaðar á tjaldsvæði í Búðardal.

21 Sameiginlegur kostnaður

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri og en að kostnaður lækki um 2,3 millj.kr. eða 2,7%. Kostnaður sem var á árinu 2018 vegna sveitarstjórnarkosninga.

22 Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar lækka umtalsvert vegna uppgjors við Brú Lífeyrissjóð sem fram fór á árinu 2017.

28 Fjármagnsliðir

Gert er ráð fyrir að fjármagnsliðir lækki um 1,5 millj.kr. eða 7,8%.

31 Eignasjóður

Sjá fjárfestingar.

43 Vatnsveita

Gert ráð fyrir óbreyttum rekstri en fjárfestingar og kostnaður vegna vatnsveitu er gjarnan mismunandi milli ára m.a. vegna þess ef bilanir koma upp.

53 Dvalar- og hjúkrunarheimilð Silfurtún

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri og að Dalabyggð greiði um 30 millj. kr. með rekstrinum. Það safnast upp skuld Silfurtúns við Dalabyggð sem óvíst er að fáist nokkurn tíma greitt. Er ljóst að eins og horfurnar eru mun rekstur Silfurtúns hvíla þungt á sveitarfélaginu.

57 Leiguíbúðir

Leigutekjur standa undir beinum rekstrarkostnaði en einungis hluta afskrifta og fjármagnsgjalda.

61 Fráveita

Gert er ráð fyrir framkvæmdum við útrás fráveitu frá Búðardal, sjá fjárfestingar.

65 Dalaveitur ehf

Á árinu er gert ráð fyrir að lokið verði við síðasta áfanga í lagningu ljósleiðara í Dalabyggð. Er þar um að ræða leiðina frá Tjaldanesi að Vogu og inn Gilsfjörð að Kleifum. Vegna þessa gerir áætlunin ráð fyrir lántöku allt að 30 m.kr.

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir eftirfarandi framkvæmdum sem gert er ráð fyrir að færist til eignar á efnahagsreikningi:

Leikskóli	2.000.000	Slökkvistöð	2.000.000
Auðarskóli	12.000.000	Silfurtún	12.000.000
Útrás fráveitu Búðardal	15.000.000	Laugar	10.000.000
Vatnsveita Laugum	4.000.000	Sjóvörn Búðardal	1.500.000
Stjórnsýsluhús	5.000.000	Tjaldsvæði Búðardal	1.000.000
Gatnagerð	5.000.000		

Stærsta áætlaða fjárfestingin á árinu er uppsetning á Vínlandssetri en hún verður fjármögnuð af með styrkjum og kemur því ekki til eignamyndunar í efnahagsreikningi. Sömuleiðis er eftir að gera áætlun vegna fjárfestingar í þriðja áfanga hjá Dalaveitum ehf. vegna ljósleiðarans. Áætlun og ákvörðun um það er háð framlögum úr Fjarskiptasjóði, Ísland ljóstengt 2019.

Skuldir og fjárhagstaða

Afborganir langtímalána verða um 38 millj. kr. á árinu 2019 og skuldastaða Dalabyggðar ætti því ekki að breytast að neinu marki. Skuldahlutfall verður um 65,7% af tekjum. Framlegð verður um 5,6% og má ekki vera minni. Gert er ráð fyrir að handbært fé í árslok verði um 16,4 millj. kr.

Árin 2020-2022

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri og að rekstrarniðurstaða verði jákvæð öll árin. Þó mun þurfa að koma til skoðunar lántaka á árinu 2020.

Annað

Á árinu 2019 er miðað við að unnið verði að eftirfarandi þó ekki séu settar upphæðir á það í áætlun:

- Gert er á fyrir að húseignir og íþróttamannvirki á Laugum verði seld
- Leigu á húsnæði að Vesturbraut 12 verði hætt frá næsta vori og tómstundamiðstöðinni Hreysinu fundinn staður í húsnæði í eigu Dalabyggðar.
- Skoðuð verði sala á húsnæði í eigu Dalabyggðar að Vesturbraut 20 og möguleikar á að andvirði sölunnar verði varið til að koma upp aðstöðu fyrir líkamsrækt í öðru húsnæði í eigu Dalabyggðar, t.d. kjallara Dalabúðar.
- Skoðuð verði sala á Fasteignafélaginu Hvammi
- Rekstur á tjaldstæði í Búðardal verði boðinn út til þriggja ára með möguleika á framlengingu til tveggja ára til viðbótar.
- Opnunartími leikskóla stytur um 30 mínútur í lok dags.
- Könnuð verði útboð varðandi eftirfarandi atriði:
 - Rafmagn
 - Tryggingar
 - Skólaakstur (núgildandi samningar renna allir út í lok skólaársins)
 - Hirðing, móttöku og eyðingu sorps (núverandi samningur rennur út í árslok, skoðað verði að bjóða út hirðingu, flutning og förgun dýrahæja)
 - Hreinsun rotþróa